

FUNDARGERÐ

114. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 4. nóvember 2008 kl. 12⁰⁰–13³⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Ögmundur Einarsson (ÖE)
Fjarverandi: Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG), sem tilkynnti sig veikan. Már Karlsson (MK), fundarritari.

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (113. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum..

2. Þróun endurvinnslumarkaða

Mikil lækkun verðs hefur orðið á endurvinnslumörkuðum undanfarið auk þess sem mikil lækkun gengis hefur komið illa niður gagnvart þeim vörum sem greiða þarf fyrir endurvinnslu á. Fréttir hafa borist um að markaðir fyrir plast séu við það að lokast eða jafnvel þegar lokaðir. Einnig að verð fyrir pappa til endurvinnslu hafi fallið verulega auk þess sem markaðir fyrir pappa séu að þrengjast.

Fundarmenn voru sammála um að fljótt þyrfti að bregðast við til þess að halda starfsemi gangandi. Ákveðið að halda fund fljótlega þar sem ÓK komi fram með tillögur um frekari viðbrögð.

3. Önnur mál

Rekstraráætlun. ÓK gerði grein fyrir því að rekstraráætlun væri í vinnslu. Að ósk ráðuneytisins þarf að ljúka endurskoðun á rekstraráætlun 2009. Í samráði við ráðuneytið er lagt til að fresta tillögum um breytingar á úrvinnslugjaldi fram á vorþing.

Samráðsfundur. Hálfssárslegur samráðsfundur var haldinn 30. okt. með sex starfsmönnum umhverfisráðuneytisins og starfsmönnum Úrvinnslusjóðs.

Næsti fundur áformaður **mánudaginn 10. nóv. kl. 12:00** á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs